


Reykjavík 12.01.2023

Varðar: Suðurgata 6 – (fsp)


Skoðuð er fyrirspurn Alternance Slf. um breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurgötu 6. Tillagan felst í því að gera upp gömlu bygginguna, rífa seinni tíma viðbyggingu og byggja nýtt tveggja hæða bakhús innst á lóð við lóðamörk til vesturs.



Sniðmynd af fyrirhugaðri viðbyggingu



Skuggavarp_21. mars/sept. kl. 17:00




21. júní kl. 17:00



AR 2040



Húsvörnd



Dvalarsvæði á lóðum nr. 6 og 4

Skipulagsleg staða:

Í Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 er lóðin á svæði íbúðabyggðar (ÍB1)

Í gildi er Deiliskipulag stgr.r.-1.161. Kirkjugarðsstigur, Garðastræti, Túngata og Suðurgata, dags. 26.08.1993. Þar segir m.a. að vegna hins mikla hæðarmismunar á lóðamörkum Garðastrætis og Suðurgötu mætti hugsa sér bakbyggingar á Suðurgötulóðum.



Lóðin er á svæði innan Hringbrautar og sem nýtur sérstakrar hverfisverndar sem kveður m.a. á um að gæta verði ýtrustu varúðar við þróun byggðar og fylgja meginmarkmiðum borgarverndarstefnu í hvívetna.

Umsögn:

Í umsögn Minjastofnunar dags. 17.08.2022 sem fylgir fyrirspurn er áformum um að gera upp gömlu bygginguna fagnað og ekki gerðar athugasemdir varðandi viðbygginguna þar sem hún er talin hafa óveruleg áhrif á verndaða götumynd Suðurgötu.

Skuggavarpsmyndir sýna hins vegar aukna skuggamyndun á dvalarsvæði lóðar nr. 4.

Niðurstaða:

Tekið er jákvætt í áform um niðurrif á núverandi viðbyggingu og hugmynda um nýja viðbyggingu á lóðarmörkum til vesturs. Áform þurfa hins vegar að taka mið af því að skerða ekki sól á dvalarsvæði nærliggjandi lóðar nr. 4.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri